



Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ársskýrsla 2009

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru að veita fjárhagsaðstoð við menntun félagsmanna, kostun námskeiðahalds og námsefnisgerðar og jafnframt að styrkja fyrirtæki til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af heildarlaunum félagsmanna en það hækkaði um 0,05% 1. júní 2008. Aðildarfélagin greiða mótframlag sem svarar ¼ af greiddu framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu iðgjaldi að uppfylltum skilyrðum sjóðsins og lækkar þá iðgjaldið um 0,10%.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs.

Fyrir hönd SA sátu í stjórn á árinu Andrés Magnússon, SVP, formaður, Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS, Svanur Valgeirsson, Debenhams og varamenn voru þeir Hannes G. Sigurðsson, SA og Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP.

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn sjóðsins Stefanía Magnúsdóttir, VR, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA. Varamenn Margrét Ingþórsdóttir, Vmf. Suðurlands og Guðrún Erlingsdóttir, deild VR í Vestmannaeyjum. Bjarki Steingrímsson, VR tók við sæti Guðrúnar Erlingsdóttur í júlí.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og verða formannsskipti næst árið 2010.

Starfsmaður sjóðsins er Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir frá Deloitte.

Störf stjórnar á tímabilinu

Samtals voru haldnir 7 stjórnarfundir á árinu.

Samþykktir:

- Verslunarstjóranám á Bifröst styrkt allt að 75%.
- Viðbót á bráðabirgðaákvæði til félagsmenn á atvinnuleysisbótum að tólmstundanám væri jafnframt styrkt allt að 75%.
- Samstarfssamningur SVS og FVP við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins framlengdur.
- Fræðlustjóri að láni, samstarf við Starfsafl og Landsmennt. Verkefnið byggist á að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og

óformlegri menntun til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Á árinu var samið við 5 fyrirtæki um styrk fyrir fræðslustjóra.

- Skerpt á vinnureglu um lækkun iðgjalds. Ný fyrirtæki þurfa að hafa starfað í að lágmarki 1 ár áður en þau geta sótt um lækkunina.

Annað

- Aðilar frá Íslandsbanka fóru yfir stöðu verðbréfasafns sjóðsins.
- Farið yfir verkefni fagraðs 2008 og 2009.
- Samvinna við Starfsafl og Landsmennt um samræmdar reglur vegna styrkja til fyrirtækja.
- Yfirlit um námframboð 2009 fyrir verslunar- og skrifstofufólk

Úthlutun styrkja til félagsmanna

Samtals voru veittir 7.075 styrkir til einstaklinga á árinu eða 22% aukning. Þar af á höfuðborgarsvæðinu 6.150 og 925 á landsbyggðinni. Heildarupphæð greiddra styrkja var um 168 milljónir og hafa hækkað um 26% frá síðast ári. Iðgjöld atvinnurekenda og stéttarfélagana voru um 216,6 milljónir og hafa hækkað um 9%.

Hlutfall greiddra styrkja voru 85% starfstengt nám og 15% tómstundanám. Afgreiddar voru um 70 erlendar umsóknir þar af 75% starfstengt nám. Um 30 manns fengu greiddan ferðastyrk þar af helmingur vegna náms erlendis.

Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana

Samtals voru veittir 32 styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana á árinu eða um 109% aukning frá síðasta ári. Heildarupphæð greiddra styrkja á árinu voru um 3,7 milljónir sem er 63% aukning frá síðasta ári.

Samþykktir styrkir á árinu:

- AFL starfsgreinafélag – „Tölvunámskeið fyrir félagsmenn“
- Alþjóðahúsið – „Lestin – íslensku- og samfélagasnámskeið“
- Eimskipafélag Íslands – „Fræðslustjóri að láni“
- Fagrað, starfsgreinaráð og VR - „Efling á þekkingu og færni í starfi“. Hönnun námskeiðs fyrir einstaklinga m/ reynslu af verslunar- og þjónustustörfum.
- Intrum – „Dale Carnegie, sölu- og þjónustunámskeið“
- IP fjarskipti/Tal – „Fræðslustjóri að láni“
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – „Fjallaleiðsögumannapróf 2009“
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – „Sveinspróf leiðsögumanna“
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – „Námskeið fyrir nýja leiðsögumenn“
- Kaffitár ehf. – „Excel tölvunámskeið“
- Kvos hf. - „Þjálfun starfsmanna í greiningu úrbótatækifæra og varanlegrar innleiðingu úrbóta“
- Listadún Markó/Dimar – „Fræðslustjóri að láni“
- Mímir – „Samantekt á raunfærnimati á vinnustaðahluta ásamt framhaldsstyrk“
- Prentsmiðjan Oddi ehf. – „Þjálfun starfsmanna í greiningu úrbótatækifæra og varanlegrar innleiðingu úrbóta“
- Samtök ferðaþjónustunnar - „Dagur menntunar í ferðaþjónustu“.

- Samtök ferðapjónustunnar - „Rannsókn á ímynd og markaðssetningu, náms og þjálfunar í ferðapjónustu“. Styrkurinn féll niður en hann var bundinn skilyrðum um styrk frá Starfsmenntaráði sem fékkst ekki.
- Samskip hf. „Námsefnisgerð í flutningafræðum“
- Skeljungur - „Að skapa framkvæmdamenningu – brosandí bensín“
- Skeljungur - „Fræðslustjóri að láni“
- Sólaræsting - „Dale Carnegie, leiðtogaþjálfun“
- Vistor - „Door Training, námskeið fyrir reynda sölu- og markaðsfulltrúa“
- Vistor - „Door Training, námskeið fyrir skráningar-, rekstrar- og rannsóknarfulltrúa“
- Vlf. Vestfirðinga - „Efling félagasstarfs“
- Össur - „Fræðslustjóri að láni“

Umsóknum um styrki sem var hafnað

- 365 miðlar - „Námshagnagerð, fjarnám í þjónustu“
- Capacent - „Fyrirtækjaskóli“
- Gerum betur - „Breyting á kennslumyndbandinu þjónustan er fjöreggið“
- Gerum betur - „Þýðing á áhersluatriðum á ensku og pólsku á kennslumyndbandinu þjónustan er fjöreggið“
- Háskólinn á Bifröst - „Heldra líf á Bifröst“
- Hreint ehf. - „Rafrænt kennslumyndband fyrir nýliða í ræstingum“
- SÍMEY - „Starfsmannafræðsla og markviss þarfagreining fyrir BYKO Akureyri“
- Þekkingarsetur Þingeyinga - „Íslenskuspilið“

Ný fyrirtæki sem fengu lækkun frá iðgjaldi sjóðsins úr 0,20% í 0,10% til eins árs.

Jónar Transport

Fyrirtæki sem endurnýjuðu undanþágu sína til næstu tveggja ára Bónus, Eimskipafélag Íslands, Hagkaup, Hugur Ax, Höldur, Samskip og VÍS

Fyrirtæki sem sóttu ekki um endurnýjun á lækkun til iðgjalds eða endurnýjun var ekki samþykkt

Aðföng, Penninn, Húsasmiðjan og Hýsing vöruhótel.